

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 25. nóvember 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hagahverfi.

Breytingin felur m.a. í sér breytingar á lóðamörkum Nonnahaga 4, Nausta II og Naustagötu 13. Bætt var við lóð fyrir spennistöð sem verður nr. 1 við Davíðshaga. Aðrar minniháttar breytingar voru gerðar á skipulaginu til samræmis við verkhönnun.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 25. nóvember 2015,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2015